

### Jólin kvödd í Borgarnesi

Frá þrettándabrennu á Seleyri við Borgarnes á þrettándadagskvöld. Í Borgarnesi er sú venja viðhöfð að hafa brennu þetta kvöld, en ekki á gamlárskvöld.

Ljós. Mbl. HBj.

### Borgarstjórn veitir 15,8% afslátt af fasteignagjöldum:

# Hækka um 49,9% í stað 78% eins og Alþýðubandalagið lagði til

„ÞETTA var bersýnilega hreint sýndarfrumvarp hjá Svavari Gestssyni ráðherra sveitarstjórnarmála og formanni Alþýðubandalagsins, þar sem allar sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu höfðu lýst því yfir að þær ætluðu ekki að nota að fullu álagningarheimildir tekjustofnanna, hvað íbúðarhúsnæði varðar.“ sagði Davíð Oddsson borgarstjóri á fundi borgarstjórnar í gær, en eins og kunnugt er hafa fulltrúar Alþýðubandalagsins í borgarstjórn barist hart gegn þeirri ákvörðun meirihluta Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn að gefa borgarbúum 15,8% afslátt af fasteignagjöldum íbúðarhúsnæðis í ár.

Davíð sagði að ráðherrann hefði viljað takmarka hækkun fasteignaskatta við 65% miðað við sl. ár, en þeir hefðu átt að hækka um 78% samkvæmt fasteignamati og miðað við álagningarreglur vinstri meirihlutans fyrrverandi. Samkvæmt ákvörðun sjálfstæðismanna er hækkunin 49,9%, í stað 78% væri vinstri meirihlutinn við lýði, eða 65% ef frumvarp Svavars Gestssonar hefði náð fram að ganga.

„Hinir fjölmörgu íbúðareigendur í Reykjavík munu eflaust taka eftir því að á máli vinstri manna heitir það að gera hina ríku ríkari þegar við sjálfstæðismenn læk-

um nú nokkuð álögur á íbúðarhúsnæði þeirra.“ sagði Davíð.

Ingibjörg Rafnar borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins sagði á fundinum að nú töluðu fulltrúar Alþýðubandalagsins um að sjálfstæðismenn væru að gera hina ríku ríkari og hina fátæku fátækari, með því að gefa afslátt af fasteignagjöldum, en það væri í raun hið sama og Svavar Gestsson hefði ætlað að gera með sínu frumvarpi,

þó það hafi gengið skemmra en afsláttur sjálfstæðismanna. Hins vegar væri ekki minnst á að Svavar Gestsson hefði viljað gera hina ríku ríkari og hina fátæku fátækari. Hann hefði sagt að 78% hækkun fasteignagjalda væri of mikil og afsláttur af því væri kjarabót, þó flokkssystem hans í borgarstjórn héldu öðru fram. Því væri hér um tvískinnung að ræða hjá Alþýðubandalaginu.

### Nokkrir flokkar iðnaðarvara undan verðlagsákvæðum:

## „Er fyrsta skrefið í átt til frjálsræðis“

– segir Víglundur Þorsteinsson, formaður Félags íslenskra iðnrekenda

„ÞESSI ákvörðun Verðlagsráðs er aðeins fyrsta skrefið í átt til frjálsræðis í þessum efnun, en eigi að síður mjög jákvæð.“ sagði Víglundur Þorsteinsson, formaður Félags íslenskra iðnrekenda, í samtali við Mbl, er hann var inntur áhlits á þeirri samþykkt Verðlagsráðs, að fella nokkra vöruflokka iðnaðarvara undan verðlagsákvæðum og setja aðra undir svokallaða 5–15% reglu.

„Þessar greinar hafa átt í skefjalasri samkeppni við innflutninginn á síðustu árum og er þessi ákvörðun Verðlagsráðs því mjög rökrétt, annað hefði í sjálfu sér verið óeðlilegt.“ sagði Víglundur Þorsteinsson.

„Annars vona ég, að áframhald verði á þessu, þannig að verðlagning almennt verði gefin frjálst, sem er hinna eini eðlilegi framgangsmáti í þessum efnun.“ sagði

Víglundur Þorsteinsson.

Víglundur Þorsteinsson sagðist ennfremur fagna mjög þeirri afstöðu, sem fulltrúar launþega í Verðlagsráði hefðu tekið í þessu máli. „Þeir hafa augljóslega litið á þetta sem þátt í uppbyggingu íslensks iðnaðar, sem skapa mun atvinnutækifæri í framtíðinni, sem er auðvitað hárrétt.“ sagði Víglundur Þorsteinsson, formaður Félags íslenskra iðnrekenda að síðustu.

### Tónleikar Kammer-sveitarinnar í dag

KAMMERSVEIT Reykjavíkur efnir til tónleika í Gamla Bíói í dag kl.16, en þetta eru aðrir tónleikar sveitarinnar á starfsárinu. Stjórnandi verður Paul Zukofsky frá Bandaríkjunum.


Á tónleikunum verður flutt Kammerfónía Schönbergs, en hún er fyrir 15 hljóðfæri og talin eitt af erfiðustu kammerverkum sem samin hafa verið, að því er segir í frétt frá hljómsveitinni.

Einnig verður flutt Dance Preludes fyrir níu hljóðfæri eftir pólska tónskáldið Lutoslawski, en tónleikunum lýkur með tónverkinu La Création du Monde fyrir 17 hljóðfæri eftir Milhaud.

## Vefjara-list á Kjarvalsstöðum

SÝNINGIN Norræn Vefjaralist III var opnuð að Kjarvalsstöðum í gær, laugardag. Þetta er í þriðja sinn sem slík samnorræn farandsýning er sett upp hér á landi. Sýningin er spröttin upp af samstarfi vefara og textilhönnuða á Norðurlöndum.

Var öllum textil-listamönnum á Norðurlöndum boðin þátttaka í sýningunni, og var síðan dómnefnd skipuð fulltrúum allra landanna falið að velja úr verk til sýningarinnar. Bárust alls 600 verk og eru 86 þar af á sýningunni. Fimm þeirra eru eftir íslenska listamenn, þær Hildi Hákonardóttur, Ínu Salóme, Ingibjörgu Haraldsdóttur, Ingibjörgu Sigurðardóttur og Sigurlaugu Jóhannessdóttur. Þá er sú nýbreytni á sýningunni, að innan hennar er sérstök smámyndasýning, sem samanstendur af verkum eftir 12 íslenska textillistamenn. Sýningin fyllir alla sali Kjar-



Eitt af íslensku verkunum, Skuggar eftir Sigurlaugu Jóhannessdóttur. Mynd Mbl./KE.

valsstaða, og verður formleg opnun hennar kl. 14. Hún verður síðan opin daglega frá 14–22 fram til 30. janúar. Héðan fer sýningin til Færeyja. Í Finnlandi og Svíþjóð, þar sem sýningin hefur þegar verið sett upp, hlaut hún mjög góða dóma og aðsókn.

Á Íslandi er sýningin styrkt af menntamálaráðuneyti, menningamálasjóði og iðnþróunar- og iðnlánasjóði.

## Ég var ekki há í loftinu þegar ég byrjaði að syngja

UNG söngkona, Berglind Bjarnadóttir, heldur tónleika í Norræna Húsinu í dag kl. 5 ásamt Guðrúnu Kristinsdóttur pianóleikara. Mbl. átti viðtal við Berglindi í gær, en hún er hér í jólafríi frá Stocholms Musicpedagog Institut þar sem hún er á þriðja ári við söngnám.

„Ég var ekki há í loftinu þegar ég hóf söngferil minn.“ sagði Berglind. „Aðeins átta ára gömul byrjaði ég í stúlknaðar Öldutúnsskóla og þar fékk ég fyrstu tækifæri mín til að spreya mig á einsöng, og þá var það einnig sérstaklega til að efla áhugann á söngnum, að fá að fara í tónleikaferðalög til Norðurlanda og víðar. Með söngflokknum „Lítið eitt“ söng ég þegar ég var 15 ára gömul. Gáfum við út tvær hljómplötur og þarna öðlaðist ég mikilvæga reynslu í að koma fram. Síðan hóf ég söngnám í Tónlistarskóla Kópavogs hjá Elisabetu Erlingsdóttur. Þaðan lauk ég burtfararprófi í einsöng '77 að mig minnir, en jafnframt söngnáminu tók ég þátt í ýmsum óperuuppfærslum, söng með Pólýfónkórnum og Þjóðleikhúskórnum.“

Þá kom að því að velja sér skóla til framhaldsnáms, og þar sem Rúnar, maðurinn minn, stefndi þá að námi í sálfræði, völdum við Svíþjóð með tilliti til þess að við gætum bæði lært á sama stað. Í Stokkhólmi er fjölbreytt tónlistarlíf, og ég var svo heppin

að komast inn í þennan eftirsóttta skóla. Þar tvinnast í náminu saman kórstjórn, píanónám, kennslufræði og tjáning fyrir utan þjálfun söngraddarinnar. Ég lýk náminu eftir rúmum árum ef hægt er að tala um að söngnámi ljúki, og

hef þá einsöngskennararéttindi.

Hvað framtíðinni viðvíkur, þá reikna ég með að fást við tónlistarkennslu ýmiss konar. Svo vona ég náttúrulega líka að ég fái tækifæri til að geta blómstrað sem söngkona.



Berglind Bjarnadóttir söngkona.

Mynd Mbl./KÖE

